Kennsluleiðbeiningar fyrir sýninguna

Óskir íslenskra barna

Ljósmyndari: Ásta Kristjánsdóttir

Sýningin er gjöf Barnaheilla – Save the Children á Íslandi til barna á Íslandi í tilefni af **25 ára afmæli samtakanna og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna**

Óskir íslenskra barna

Ljósmyndari: Ásta Kristjánsdóttir

Í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er kveðið á um þau réttindi sem öll börn eiga að njóta og ekki má mismuna þeim sökum stöðu þeirra sjálfra eða foreldra þeirra. Börn eru viðkvæmur hópur sem eiga rétt á sérstakri umönnun og vernd, sem okkur sem fullorðin eru ber að tryggja. Þó er það svo að ekki njóta öll börn þeirra réttinda sem Barnasáttmálinn kveður á um. Sum börn búa við fátækt, sum við vanrækslu eða eru beitt ofbeldi. Mikilvægt er að árétta að börnin sjálf bera aldrei ábyrgð á því að brotið sé á réttindum þeirra.

Hér er að neðan eru dæmi um verkefni og umræðuefni sem tengjast hverri mynd sýningarinnar. Annars vegar fyrir yngri börn frá um 5 ára aldri og svo viðbætur fyrir börn frá um 10 ára aldri. Sumar myndanna henta öllum aldri barna, meðan aðrar henta frekar eldri börnum. Það er kennara að meta eftir þeim hópi sem þeir eru að vinna með. Best er að huga vel að aldri og þroska barna og miða skoðun og umræður um myndefnið við færni þeirra til að takast á við það og skilja innihaldið. Sumar myndanna gætu verið of opinberandi fyrir yngri börn sem ekki hafa þroska til að takast á við þann veruleika sem þær sýna.

Hægt er að vinna sum verkefnanna meðan sýningin er skoðuð, en önnur þegar í skólann er komið. Flestar myndirnar lýsa líðan barna sem hafa lent í einhvers konar ofbeldi og því sams konar umræðuefni við margar.

Á námsvefnum barnasattmali.is eru jafnframt fjölmörg verkefni um mannréttindi barna sem hægt er að vinna í tengslum við sýninguna. Í kennsluleiðbeiningum með vefnum eru jafnframt hugmyndir að verkefnum.

Gangi ykkur vel,

Margrét Júlía Rafnsdóttir

Í Barnasáttmálanum segir: Börn eiga rétt á vernd gegn hvers kyns líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi, misnotkun, skeytingarleysi og vanrækslu, innan eða utan heimilis.

Ofbeldi: „Ég hélt að mamma yrði reið við mig ef ég segði henni frá.“ (5 ára strákur segir frá)

Hugmyndir að umræðum:

- Hvernig heldur þú að drengnum á myndinni líði?
- Af hverju er hann með ljónagrímu?
- Af hverju óskar hann þess að vera ljón?
- Hvernig eru ljón ólík fólki?
- Af hverju heldur hann að mamma hans verði reið ef hann segir frá?
- Hverju ætli hann sé að leyna fyrir mömmu sinni?
- Skyldi líðan hans breytast ef hann segir frá?
- Af hverju er mikilvægt að segja frá ef manni líður illa?
- Hverjum mynduð þið helst segja frá ef ykkur liði illa?
- Hver er munurinn á góðum og slæmum leyndarmálum?
- Viljið þið vera einhver annar en þið eruð?
- Sést alltaf utan á fólki ef því líður illa?
- Hvernig getið þið hjálpað ef þið sjáið að einhverjum líður illa?
- Við hvern getið þið talað ef ykkur líður illa? Hverjum treystið þið.

Að auki fyrir eldri börn:

- Hverjar geta verið birtingarmyndir vanlíðanar hjá fólki?
- Ef ykkur grunar að einhver sé beittur ofbeldi, hvað getið þið gert?
- Hvert getur sá sem hefur lent í ofbeldi leitað?
- Er hægt að koma í veg fyrir ofbeldi? Hvernig?
- Hverjir bera megin ábyrgð á því að vernda börn gegn ofbeldi?

Mikilvægt er að hlusta á mismunandi svör barnanna, en færa svo umræðuna á þann stað að góð leyndarmál eru leyndarmál sem má segja frá síðar og eiga að komast upp að lokum, s.s. ef á að koma

einhverjum á óvart, gefa gjöf eða annað. Slæm leyndarmál eru leyndarmál, sem einhver vill að aldrei komist upp. Oft reynir sá sem beitir barn ofbeldi að fá barnið til að segja ekki frá, því að ofbeldið sé leyndarmál. Mikilvægt er að hvetja börn til að segja frá slíkum leyndarmálum, slæmum leyndarmálum. Jafnframt að gera börnum grein fyrir að þau bera aldrei ábyrgð á því ofbeldi sem þau verða fyrir. Þó er mikilvægt að styrkja börn í að setja sér mörk og að ræða tilfinningar sínar. Foreldrar bera megin ábyrgð á uppeldi og vernd barna sinna, en allir sem vinna með börnum svo og samborgarar bera einnig ábyrgð.

Hugmyndir að verkefnum:

- Börnin teikni sjálfsmynd og skrifi við hana, s.s. hver þau séu og hvernig þeim líði.
- Börnin búi til tilfinningaspjald, þar sem þau teikna mismunandi tilfinningar. Rætt um við hvaða aðstæður mismunandi tilfinningar vakna.
- Börnin skoði vefinn http://www.barnasattmali.is, verkefni fyrir yngri börn. Þau sem eru orðin 9 ára geta unnið verkefni fyrir eldri börn. Þar má finna verkefni um rétt barna til verndar gegn ofbeldi.

Að auki fyrir eldri börn:

- Börnin skoði 19. og 34. grein Barnasáttmálans og skrifi um þær.
- Börnin skoði vefinn http://www.barnasattmali.is, verkefni fyrir eldri börn. Þar má finna verkefni um rétt barna til verndar gegn ofbeldi.
- Túlka mismunandi líðan og tilfinningar, s.s. í myndlist, dansi eða öðru sem nemendur vilja.
- Túlka mismunandi ofbeldi s.s. í dansi eða myndlist.

Vanræksla: „Stundum er ég bara svo svangur.“ (6 ára strákur segir frá)

Hugmyndir að umræðum:

- Hvernig heldur þú að drengnum á myndinni líði?
- Af hverju ætli hann sé stundum svo svangur?
- Er ekki til nægur matur á sumum heimilum á Íslandi? Af hverju ætli það sé?
- Hvernig er hægt að sjá til þess að allir fái nóg að borða af hollum mat?
- Hvernig ætli það sé í öðrum löndum? Hvar ætli það sé algengast að börn fái ekki nóg að borða? Af hverju og hvað er hægt að gera til að breyta því?
- Haldið þið að sums staðar sé miklum mat hent?
- Viljið þið vera einhver annar en þið eruð?

- Vilduð þið búa einhvers staðar annars staðar?
- Sést alltaf utan á fólki ef því líður illa?
- Hvernig getið þið hjálpað ef þið sjáið að einhverjum líður illa?

Að auki fyrir eldri börn:

- Hverjar geta verið birtingarmyndir vanlíðanar hjá fólki?
- Ef ykkur grunar að einhver búi við skort, hvað getið þið gert?
- Hvað getum við gert ef við teljum að einhver búi við skort?
- Hvað er vanræksla?

Hér er mikilvægt að hlusta á mismunandi svör barnanna. Það að ekki sé til nægur matur á sumum heimilum eða að börn séu stundum svöng, þarf ekki að vera vegna þess að ekki sé til fjármagn til að kaupa mat. Það getur verið vegna vanrækslu, tímaleysis, eða einfaldlega gætu börn verið svöng vegna þess að þau vilja ekki það sem er á boðstólum heima við. Foreldrar bera megin ábyrgð á framfærslu barna sinna og eiga börn rétt á að búa við lífsskilyrði sem stuðla að heilbrigði þeirra. Næg og holl fæða er ein forsenda þess. Þó er hluti barna sem býr við skort á mat vegna efnahagslegrar stöðu foreldra þeirra. Mikilvægt er að þeir sem vinna með börnum þekki einkenni vanrækslu eða fátæktar hjá barni og geti greint á milli. Jafnframt er mikilvægt að þeir þekki úrræðin og nýti sér þau. Þannig er unnið að því að tryggja börnum þau réttindi sem þau eiga samkvæmt Barnasáttmálanum.

Hugmyndir að verkefnum:

- Börnin teikni sjálfsmynd og skrifi við hana, s.s. hver þau séu og hvernig þeim líði.
- Börnin skoði vefinn http://www.barnasattmali.is, *Verkefni fyrir yngri börn*. Ekki síst verkefnið *Réttindi og forréttindi*, þar sem gerður er greinarmunur á þeim grundvallarmannréttindum sem börn eiga rétt á og svo forréttindum. Að fá holla næringu er réttur barna, en að fá s.s. sælgæti um helgar eru forréttindi, sem ekki er gert ráð fyrir að öll heimsins börn njóti. Þau sem eru orðin 9 ára geta unnið *Verkefni fyrir eldri börn*. Þar má finna verkefni um rétt barna til verndar gegn ofbeldi og vanrækslu.

Að auki fyrir eldri börn:

- Börnin skoði 24. grein Barnasáttmálans og skrifi um hana. Hvernig hefur verið unnið að því á Íslandi að draga úr ungbarnadauða og draga úr sjúkdómum og vannæringu? Finna dæmi.
- Börnin skoði 27. grein Barnasáttmálans og skrifi um hana. Búa öll börn við lífsskilyrði sem stuðla að þroska þeirra? Hvernig er hægt að stuðla að því?
- *Verkefni fyrir eldri börn* á http://www.barnasattmali.is
- Börnin skoði tölfræði á : http://globalis.is/Toelfraedi. Þar er hægt að finna upplýsingar um mismunandi lífsskilyrði barna í hinum ýmsu löndum.
- Elstu börnin geta skoðað efni á vefsíðum Barnaheilla, UNICEF og Umboðsmanns barna, s.s. skýrslu um fátækt barna í Evrópu, skoðað töflur og borið saman lönd Evrópu: http://www.barnaheill.is/media/PDF/Child_Poverty_and_Social_Exclusion_in_Europe_low_res3.pdf

Ofbeldi: „Mér verður svo illt í hjartanu ef ég tala um það sem gerðist.“ (9 ára stúlka)

Hugmyndir að umræðum:

- Hvernig heldur þú að stúlkunni á myndinni líði?
- Af hverju er henni illt í hjartanu?
- Af hverju ætli hún sé með vængi? Til hvers eru þeir?
- Af hverju vill hún fljúga burt?
- Hvað getur hafa gerst?
- Hvernig er hægt að hjálpa stúlkunni?
- Er mikilvægt að segja frá ef manni líður illa? Af hverju?
- Hvar verður ykkur illt ef ykkur líður illa?
- Skyldi líðan hennar breytast ef hún ræðir við einhvern um það sem gerðist?
- Hverjum mynduð þið helst segja frá ef ykkur líður illa?
- Hver er munurinn á góðum og slæmum leyndarmálum?
- Sést alltaf utan á fólki ef því líður illa?
- Hvernig getið þið hjálpað ef þið sjáið að einhverjum líður illa?
- Við hvern getið þið talað ef ykkur líður illa? Hverjum treystið þið.

Að auki fyrir eldri börn:

- Hverjar geta verið birtingarmyndir vanlíðanar hjá fólki?
- Ef ykkur grunar að einhver sé beittur ofbeldi, hvað getið þið gert?
- Hvert getur sá sem hefur lent í ofbeldi leitað?

Þó að myndin gefi vísbendingu um að stúlkan hafi verið beitt ofbeldi, getur ástæða líðanar hennar verið allt önnur, jafnvel vegna einhvers sem hún sjálf sagði eða gerði. Mikilvægt er að hvetja börn til að ræða tilfinningar sínar og greina ástæðu þeirra. Að þau tali við einhvern sem þau treysta og segi frá líðan sinni. Mikilvægt er að hlusta á mismunandi útskýringar barnanna á líðan og orðum stúlkunnar. Svo er hægt að færa umræðuna á þann stað að góð leyndarmál eru leyndarmál sem má segja frá síðar og eiga að komast upp að lokum, s.s. ef á að koma einhverjum á óvart, gefa gjöf eða annað. Slæm leyndarmál eru leyndarmál, sem einhver vill að aldrei komist upp.

Oft reynir sá sem beitir barn ofbeldi að fá barnið til að segja ekki frá, því að ofbeldið sé leyndarmál. Mikilvægt er að hvetja börn til að segja frá slíkum leyndarmálum, slæmum leyndarmálum. Jafnframt að gera börnum grein fyrir að þau bera aldrei ábyrgð á því ofbeldi sem þau verða fyrir. Foreldrar bera megin ábyrgð á uppeldi og vernd barna sinna, en allir sem vinna með börnum svo og samborgarar bera einnig ábyrgð.

Hugmyndir að verkefnum:

- Börnin teikni sjálfsmynd og skrifi við hana, s.s. hver þau séu og hvernig þeim líði.
- Börnin búi til tilfinningaspjald, þar sem þau teikni mismunandi tilfinningar. Að ræða um við hvaða aðstæður mismunandi tilfinningar vakna.
- Börnin skoði vefinn http://www.barnasattmali.is, verkefni fyrir yngri börn. Þau sem eru orðin 9 ára geta unnið verkefni fyrir eldri börn. Þar má finna verkefni um rétt barna til verndar gegn ofbeldi.

Að auki fyrir eldri börn:

- Börnin skoði 19. og 34. grein Barnasáttmálans og skrifi um þær.
- Börnin skoði vefinn http://www.barnasattmali.is, verkefni fyrir eldri börn. Þar má finna verkefni um rétt barna til verndar gegn ofbeldi.
- Börnin skoði vefinn http://www.verndumborn.is/ og ræði.



Andlegt ofbeldi: „Það er líka hægt að lemja börn með orðum. Það er mjög sárt!“ (6 ára stúlka segir frá)

Hugmyndir að umræðum:

- Hvernig heldur þú að stúlkunni á myndinni líði?
- Af hverju vill hún verða prinsessa?
- Af hverju er hún með hendina fyrir munninum?
- Hvernig er lamið með orðum?
- Hvaða orð meiða?
- Hvernig er hægt að hjálpa stúlkunni?
- Er mikilvægt að segja frá ef manni líður illa? Af hverju?

- Hvar verður ykkur illt ef ykkur líður illa?
- Skyldi líðan hennar breytast ef hún ræðir við einhvern um það sem gerðist?
- Af hverju er mikilvægt að segja frá ef manni líður illa?
- Hverjum mynduð þið helst segja frá ef ykkur liði illa?
- Sést alltaf utan á fólki ef því líður illa?
- Hvernig getið þið hjálpað ef þið sjáið að einhverjum líður illa?
- Við hvern getið þið talað ef ykkur líður illa? Hverjum treystið þið?

Að auki fyrir eldri börn:

- Hverjar geta verið birtingarmyndir vanlíðanar hjá fólki?
- Hvað er andlegt ofbeldi? Nefnið dæmi?
- Ef ykkur grunar að einhver sé beittur ofbeldi, hvað getið þið gert?
- Hvert getur sá sem hefur lent í ofbeldi leitað?

Hér er mikilvægt að hlusta á mismunandi svör barnanna. Börn eiga rétt á vernd gegn hvers kyns ofbeldi, andlegu líkamlegu og kynferðislegu. Að setja út á barn, tala niðrandi til þess, lítillækka og gera lítið úr verkum þess telst andlegt ofbeldi. Einnig að gera of miklar kröfur til barns miðað við aldur þess og þroska. Að búa við ofbeldi á milli annarra á heimili er andlegt ofbeldi gegn barni, jafnvel þó barnið verði ekki fyrir beinu ofbeldi sjálft. Mikilvægt er að gera börnum grein fyrir að þau bera aldrei ábyrgð á því ofbeldi sem þau verða fyrir. Foreldrar bera megin ábyrgð á uppeldi og vernd barna sinna og ber að koma fram við þau á uppbyggilegan hátt, en allir sem vinna með börnum svo og samborgarar bera einnig ábyrgð.

Hugmyndir að verkefnum:

- Börnin teikni sjálfsmynd og skrifi við hana, s.s. hver þau séu og hvernig þeim líði.
- Börnin búi til tilfinningaspjald, þar sem þau teikni mismunandi tilfinningar. Að ræða um við hvaða aðstæður mismunandi tilfinningar vakna.
- Börnin skoði vefinn http://www.barnasattmali.is, verkefni fyrir yngri börn. Þau sem eru orðin 9 ára geta unnið verkefni fyrir eldri börn. Þar má finna verkefni um rétt barna til verndar gegn ofbeldi.

Að auki fyrir eldri börn:

- Börnin skoði 19. og 34. grein Barnasáttmálans og skrifi um þær.
- Börnin skoði vefinn http://www.barnasattmali.is, verkefni fyrir eldri börn. Þar má finna verkefni um rétt barna til verndar gegn ofbeldi.
- Börnin skoði vefinn http://www.verndumborn.is/ kaflann um andlegt ofbeldi, ræði um eða vinni með á annan hátt.

Í Barnasáttmálanum segir: Börn eiga rétt á vernd gegn hvers kyns kynferðislegu ofbeldi, s.s. þátttöku í hvers kyns kynferðislegri háttsemi, vændi eða klámi.

Kynferðislegt ofbeldi: „Ég var heppin að hafa ekki verið unglingur því þá hefði ég getað fengið barn í magann.“ (8 ára stúlka segir frá)

Hugmyndir að umræðum:

- Hvernig heldur þú að stúlkunni á myndinni líði?
- Af hverju vill stúlkan vera orðin fullorðin?
- Hvenær verður maður fullorðinn og hvað breytist við það?
- Hvað getur hafa gerst hjá stúlkunni?
- Hvernig er hægt að hjálpa stúlkunni?
- Er mikilvægt að segja frá ef manni líður illa? Af hverju?
- Hvar verður ykkur illt ef ykkur líður illa?
- Skyldi líðan hennar breytast ef hún ræðir við einhvern um það sem gerðist?
- Af hverju er mikilvægt að segja frá ef manni líður illa?
- Hverjum mynduð þið helst segja frá ef ykkur líður illa?
- Hver er munurinn á góðum og slæmum leyndarmálum?
- Sést alltaf utan á fólki ef því líður illa?
- Hvernig getið þið hjálpað ef þið sjáið að einhverjum líður illa?
- Við hvern getið þið talað ef ykkur líður illa? Hverjum treystið þið?

Að auki fyrir eldri börn:

- Af hverju hefði hún getað fengið barn í magann ef hún hefði verið unglingur?
- Hvað breytist þegar maður verður unglingur?
- Hvenær verður maður unglingur?
- Hverjar geta verið birtingarmyndir vanlíðanar hjá fólki?
- Ef ykkur grunar að einhver sé beittur ofbeldi, hvað getið þið gert?
- Hvert getur sá sem hefur lent í ofbeldi leitað?
- Hvað er kynferðislegt ofbeldi? Hverjar geta birtingarmyndirnar verið?

Við þessa mynd má gæta varúðar hvað varðar yngri börn. Það sem barnið tjáir er afar opinberandi, sérstaklega fyrir yngri börn. Hér er mikilvægt að hlusta á mismunandi svör barnanna, en færa svo

umræðuna á þann stað að góð leyndarmál eru leyndarmál sem má segja frá síðar og eiga að komast upp að lokum, s.s. ef á að koma einhverjum á óvart, gefa gjöf eða annað. Slæm leyndarmál eru leyndarmál, sem einhver vill að aldrei komist upp. Oft reynir sá sem beitir barn ofbeldi að fá barnið til að segja ekki frá, því að ofbeldið sé leyndarmál. Mikilvægt er að hvetja börn til að segja frá slíkum leyndarmálum, slæmum leyndarmálum. Jafnframt að gera börnum grein fyrir að þau bera aldrei ábyrgð á því ofbeldi sem þau verða fyrir. Foreldrar bera megin ábyrgð á uppeldi og vernd barna sinna, en allir sem vinna með börnum svo og samborgarar bera einnig ábyrgð á að tryggja þeim vernd og að koma þeim til hjálpar.

Hugmyndir að verkefnum:

- Börnin skoði vefinn http://www.barnasattmali.is, verkefni fyrir yngri börn. Þau sem eru orðin 9 ára geta unnið verkefni fyrir eldri börn. Þar má finna verkefni um rétt barna til verndar gegn ofbeldi.
- Bókin *Þetta er líkami minn* (útg. Barnaheill - Save the Children á Íslandi) fjallar um jákvæða og neikvæða snertingu. Hægt er að lesa hana með yngstu börnunum og ræða.
- Að læra að setja sér mörk: Börnin búi til sögur þar sem um er að ræða aðstæður, þar sem börn setja sér mörk og æfa sig að segja nei. Svo sem að neita að fara í leiki sem þau vilja ekki taka þátt í, að banna einhverjum að snerta sig á ákveðnum stöðum, eða að segja nei takk við því að faðma þegar þau eru ekki tilbúin til þess osfrv.

Að auki fyrir eldri börn:

- Börnin skoði 19. og 34. grein Barnasáttmálans og skrifi um þær.
- Börnin skoði vefinn http://www.barnasattmali.is, verkefni fyrir eldri börn. Þar má finna verkefni um rétt barna til verndar gegn ofbeldi.
- Börnin skoði vefinn http://www.verndumborn.is/ kaflann um kynferðislegt ofbeldi, ræði um eða vinni með á annan hátt.
- Börnin skoði vefsíður eða fjölmiðla þar sem fjallað er um kynferðislegt ofbeldi.
- Börnin kynni sér Barnahús og þá starfsemi sem þar er.
- Leiðin áfram; http://leidinafram.is/ er vefur um kynferðisofbeldi gegn börnum. Þar er margs konar fræðsluefni og myndbönd, sem hægt er að nota sem uppsprettu umræðna og annarrar vinnu með börnum.



Kynferðislegt ofbeldi: „Oft þegar ég er búinn í sturtu lít ég á sjálfan mig í speglinum og finnst ég ennþá vera skítugur, ég fer þá aftur inn í sturtuna og skrúbba mig allan“ (16 ára strákur segir frá)

Hugmyndir að umræðum:

- Hvernig heldur þú að drengnum á myndinni líði?
- Af hverju finnst honum hann vera skítugur þegar hann lítur í spegil, þegar hann er búinn í sturtu?
- Af hverju vill hann vera harður gaur? Hvað merkir það?
- Tala harðir gaurar um tilfinningar sínar?
- Er mikilvægt að tala um tilfinningar sínar?
- Hefur ykkur einhvern tímann liðið eins og honum? Af hverju?
- Hvað getur hafa gerst hjá drengnum?
- Hvernig er hægt að hjálpa honum?
- Er mikilvægt að segja frá ef manni líður illa? Af hverju?
- Skyldi líðan hans breytast ef hann ræðir við einhvern um líðan sína?
- Hverjum mynduð þið helst segja frá ef ykkur liði illa?
- Hver er munurinn á góðum og slæmum leyndarmálum?
- Sést alltaf utan á fólki ef því líður illa?
- Hvernig getið þið hjálpað ef þið sjáið að einhverjum líður illa?
- Við hvern getið þið talað ef ykkur líður illa? Hverjum treystið þið?

Að auki fyrir eldri börn:

- Hverjar geta verið birtingarmyndir vanlíðanar hjá fólki?
- Ef ykkur grunar að einhver sé beittur ofbeldi, hvað getið þið gert?
- Hvert getur sá sem hefur lent í ofbeldi leitað?
- Hvað er kynferðislegt ofbeldi? Hverjar geta birtingarmyndirnar verið?

Við þessa mynd er einnig gott að gæta varúðar hvað varðar aldur barna og gæta þess að vernda yngri börnin fyrir erfiðri umræðu. Hér er mikilvægt að hlusta á mismunandi svör barnanna, en færa svo umræðuna á þann stað að góð leyndarmál eru leyndarmál sem má segja frá síðar og eiga að komast upp að lokum, s.s. ef á að koma einhverjum á óvart, gefa gjöf eða annað. Slæm leyndarmál eru leyndarmál, sem einhver vill að aldrei komist upp. Oft reynir sá sem beitir barn ofbeldi að fá barnið til

að segja ekki frá, því að ofbeldið sé leyndarmál. Mikilvægt er að hvetja börn til að segja frá slíkum leyndarmálum, slæmum leyndarmálum. Jafnframt að gera börnum grein fyrir að þau bera aldrei ábyrgð á því ofbeldi sem þau verða fyrir. Foreldrar bera megin ábyrgð á uppeldi og vernd barna sinna, en allir sem vinna með börnum svo og samborgarar bera einnig ábyrgð á að tryggja þeim vernd og að koma þeim til hjálpar.

Hugmyndir að verkefnum:

- Börnin skoði vefinn http://www.barnasattmali.is, verkefni fyrir yngri börn. Þau sem eru orðin 9 ára geta unnið verkefni fyrir eldri börn. Þar má finna verkefni um rétt barna til verndar gegn ofbeldi.
- Bókin *Þetta er líkami minn* (útg. Barnaheill - Save the Children á Íslandi) fjallar um jákvæða og neikvæða snertingu. Hægt er að lesa hana með yngstu börnunum og ræða.
- Að læra að setja sér mörk: Börnin búi til sögur þar sem um er að ræða aðstæður, þar sem börn setja sér mörk og æfa sig að segja nei. Svo sem að neita að fara í leiki sem þau vilja ekki taka þátt í, að banna einhverjum að snerta sig á ákveðnum stöðum, eða að segja nei takk við því að faðma þegar þau eru ekki tilbúin til þess osfrv.

Að auki fyrir eldri börn:

- Börnin skoði 19 og 34. grein Barnasáttmálans og skrifi um þær.
- Börnin skoði vefinn http://www.barnasattmali.is, verkefni fyrir eldri börn. Þar má finna verkefni um rétt barna til verndar gegn ofbeldi.
- Börnin skoði vefinn http://www.verndumborn.is/, kaflann um kynferðislegt ofbeldi, ræði um eða vinni með á annan hátt.
- Börnin skoði vefsíður eða fjölmiðla þar sem fjallað er um kynferðislegt ofbeldi.
- Börnin kynni sér Barnahús og þá starfsemi sem þar er.
- Leiðin áfram; http://leidinafram.is/ er vefur um kynferðisofbeldi gegn börnum. Þar er margs konar fræðsluefni og myndbönd, sem hægt er að nota sem uppsprettu umræðna og annarrar vinnu með börnum.

Kynferðislegt ofbeldi: „Ég sagði hættu, hann hætti ekki.“ (13 ára stúlka segir frá)

- Hvernig heldur þú að stúlkunni á myndinni líði?
- Hvað getur hafa gerst hjá henni?
- Stúlkan sagði hættu, en samt hætti hann ekki? Af hverju ætli það sé?
- Hvernig er hægt að koma í veg fyrir að einhver geri manni eitthvað sem er rangt og maður vill ekki?
- Hvernig er hægt að hjálpa stúlkunni?
- Er mikilvægt að segja frá ef manni líður illa? Af hverju?
- Skyldi líðan hennar breytast ef hún ræðir við einhvern um líðan sína?
- Hverjum mynduð þið helst segja frá ef ykkur liði illa?
- Hver er munurinn á góðum og slæmum leyndarmálum?
- Sést alltaf utan á fólki ef því líður illa?
- Hvernig getið þið hjálpað ef þið sjáið að einhverjum líður illa?
- Við hvern getið þið talað ef ykkur líður illa? Hverjum treystið þið.

Að auki fyrir 10 ára og eldri:

- Hverjar geta verið birtingarmyndir vanlíðanar hjá fólki?
- Ef ykkur grunar að einhver sé beittur ofbeldi, hvað getið þið gert?
- Hvert getur sá sem hefur lent í ofbeldi leitað?
- Hvað er kynferðislegt ofbeldi? Hverjar geta birtingarmyndirnar verið?

Hér er mikilvægt að hlusta á mismunandi svör barnanna. Hér hefur stúlkan reynt að stöðva ofbeldið, eða koma í veg fyrir það án árangurs. Sá sem beitti ofbeldinu hlustaði ekki á hana. Mikilvægt er að ræða við börnin um að þau eigi rétt á að segja nei og koma í veg fyrir að einhver geri eitthvað við þau sem þau vilja ekki. Að þau setji mörkin, þeirra er rétturinn. Jafnframt að gera börnum grein fyrir að þau bera aldrei ábyrgð á því ofbeldi sem þau verða fyrir. Sá sem beitir barn ofbeldi reynir gjarnan að gera barnið ábyrgt og segir því að það megi ekki segja frá, því að ofbeldið sé leyndarmál. Jafnvel að eitthvað komi fyrir ef það segi frá. Þá er gott að ræða um góð og slæm leyndarmál. Góð leyndarmál eru leyndarmál sem má segja frá síðar og eiga að komast upp að lokum, s.s. ef á að koma einhverjum á óvart, gefa gjöf eða annað. Slæm leyndarmál eru leyndarmál, sem einhver vill að aldrei komist upp. Mikilvægt er að hvetja börn til að segja frá slíkum leyndarmálum, slæmum leyndarmálum. Foreldrar bera megin ábyrgð á uppeldi og vernd barna sinna, en allir sem vinna með börnum svo og samborgarar bera einnig ábyrgð á að tryggja þeim vernd og að koma þeim til hjálpar.

Hugmyndir að verkefnum:

- Börnin skoði vefinn http://www.barnasattmali.is, verkefni fyrir yngri börn. Þau sem eru orðin 9 ára geta unnið verkefni fyrir eldri börn. Þar má finna verkefni um rétt barna til verndar gegn ofbeldi.
- Bókin *Þetta er líkami minn* (útg. Barnaheill - Save the Children á Íslandi) fjallar um jákvæða og neikvæða snertingu. Hægt er að lesa hana með yngstu börnunum og ræða.
- Að læra að setja sér mörk: Börnin búi til sögur þar sem um er að ræða aðstæður, þar sem börn setja sér mörk og æfa sig að segja nei. Svo sem að neita að fara í leiki sem þau vilja ekki

taka þátt í, að banna einhverjum að snerta sig á ákveðnum stöðum, eða að segja nei takk við því að faðma þegar þau eru ekki tilbúin til þess osfrv.

Að auki fyrir eldri börn:

- Börnin skoði 19 og 34. grein Barnasáttmálans og skrifi um þær.
- Börnin skoði vefinn http://www.barnasattmali.is, verkefni fyrir eldri börn. Þar má finna verkefni um rétt barna til verndar gegn ofbeldi.
- Börnin skoði vefinn http://www.verndumborn.is/, kaflann um kynferðislegt ofbeldi, ræði um eða vinni með á annan hátt.
- Börnin skoði vefsíður eða fjölmiðla þar sem fjallað er um kynferðislegt ofbeldi.
- Börnin kynni sér Barnahús og þá starfsemi sem þar er.
- Leiðin áfram; http://leidinafram.is/ er vefur um kynferðisofbeldi gegn börnum. Þar er margs konar fræðsluefni og myndbönd að finna, sem hægt er að nota sem uppsprettu umræðna og annarrar vinnu með börnum.

Í Barnasáttmálanum segir: Börn eiga rétt á hvíld, tómstundum, leikjum og skemmtunum sem hæfa aldri þeirra og til frjálsrar þátttöku í menningarlífi og listum.

Fátækt: „Ég held ekki upp á afmælið mitt af því það er allt of dýrt. Ég hef ekki haldið upp á það frá því að ég var lítil.“ (14 ára stúlka segir frá)

Hugmyndir að umræðum:

- Hvernig heldur þú að stúlkunni á myndinni líði?
- Af hverju vill hún vera ósýnileg?
- Hvað er hún með framan í sér?
- Af hverju hefur hún ekki haldið upp á afmælið sitt frá því að hún var lítil?
- Haldið þið að það sé þannig hjá mörgum börnum?
- Er hægt að halda upp á afmæli á annan hátt en með dýrum veislum og gjöfum? Hvernig?
- Ætli stúlkuna skorti eitthvað fleira en það að geta ekki haldið upp á afmælið sitt?
- Sést alltaf utan á fólki ef því líður illa?
- Hvernig getið þið hjálpað ef þið sjáið að einhverjum líður illa?

Að auki fyrir 10 ára og eldri:

- Hverjar geta verið birtingarmyndir vanlíðanar hjá fólki?
- Geta verið aðrar ástæður en fjárhagslegar fyrir því að börn halda ekki upp á afmæli?

- Ef ykkur grunar að einhver búi við skort, hvað getið þið gert?
- Geta öll börn stundað íþróttir og tómstundir? Af hverju/af hverju ekki?
- Hvað er hægt að gera svo að öll börn geti stundað íþróttir og tómstundir?
- Er börnum mismunað í íslensku samfélagi? Hvernig?
- Er mikilvægt að börnum sé ekki mismunað?

Mikilvægt er að hlusta á mismunandi svör barnanna. Stúlkan á myndinni hefur ekki haldið upp á afmælið sitt frá því hún var lítil, því ekki eru til peningar á heimilinu. Þó geta verið aðrar ástæður fyrir því að ekki er haldið upp á afmæli barna, þær geta verið trúarlegar eða vegna annara heimilisaðstæðna, s.s. áfengisneyslu eða ofbeldis á heimili. Börn sem búa við þröngbýli eða slæmar heimilisaðstæður vilja oft ekki bjóða öðrum börnum heim til sín.

Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga öll börn rétt á að taka þátt í íþróttum, tómstundum, skemmtunum og menningu og ekki má mismuna börnum vegna stöðu þeirra eða foreldra þeirra, s.s. vegna efnahags. Tómstundir eru flestar dýrar og ekki hafa allir fjármagn til að veita börnum sínum leyfi til að stunda þær.

Hugmyndir að verkefnum:

- Börnin teikni mynd af draumum sínum. Hvað langar þau að gera og hvernig lífi vilja þau lifa? Rætt um myndirnar og hvernig draumarnir geta orðið að veruleika.
- Tómstundir: Hvaða tómstundir stunda þau og hvaða tómstundir vilja þau stunda? Vita þau hvaða tómstundir eru í boði í þeirra nærumhverfi eða sveitarfélagi? Margs konar útfærsla kemur til greina, s.s. að gera stöplarit.
- Börnin skoði vefinn http://www.barnasattmali.is, *Verkefni fyrir yngri börn*. Ekki síst verkefnið *Réttindi og forréttindi*, þar sem gerður er greinarmunur á þeim grundvallarmannréttindum sem börn eiga rétt á og svo forréttindum. Þau sem eru orðin 9 ára geta unnið *Verkefni fyrir eldri börn,* verkefni undir liðnum *Heilsa menntun, þroski*.

  Að auki fyrir eldri börn:

- Börnin skoði 31. grein Barnasáttmálans um hvíld og tómstundir og skrifi um hana eða túlki á annan hátt.
- *Verkefni fyrir eldri börn* á http://www.barnasattmali.is, verkefni undir liðnum *Heilsa menntun, þroski*.
- Elstu börnin geta skoðað efni á vefsíðum Barnaheilla, UNICEF og Umboðsmanns barna, s.s. skýrslu um fátækt barna í Evrópu: http://www.barnaheill.is/media/PDF/Child_Poverty_and_Social_Exclusion_in_Europe_low_res3.pdf

EINELTI

"Það er vont að eiga ekki vini. Manni líður svo illa inni í sér." (11 ára strákur)

- Hvernig líður drengnum á myndinni?
- Fær hann ekki knús?
- Hverja knúsið þið?
- Af hverju líður drengnum illa?
- Sést alltaf utan á fólki ef því líður illa?
- Hvar finnið þið til ef ykkur líður illa?
- Af hverju er vont að eiga ekki vini?
- Hvernig er hægt að hjálpa drengnum?
- Hvað er einelti?
- Hver er munurinn á að stríða og grínast?
- Þekkið þið einhvern sem er strítt eða lagður í einelti?
- Hvað getið þið gert til að hjálpa þeim sem er strítt eða lagður í einelti?
- Hvernig er hægt að koma í veg fyrir að einhverjum/einhverri sé strítt eða hann/hún lagður í einelti?
- Er mikilvægt að segja frá ef manni líður illa? Af hverju?
- Hverjum mynduð þið helst segja frá ef ykkur liði illa?
- Hvernig getið þið hjálpað ef þið sjáið að einhverjum líður illa?

Að auki fyrir 10 ára og eldri:

- Hverjar geta verið birtingarmyndir vanlíðanar hjá fólki?
- Þekkið þið einelti úr ykkar skóla?
- Hverjar geta verið birtingarmyndir eineltis?
- Hvernig er hægt að koma í veg fyrir einelti eða uppræta það?
- Hvað er gert í skólanum til að koma í veg fyrir einelti eða uppræta það?

Hér er mikilvægt að hlusta á mismunandi svör barnanna. Einelti er ein tegund ofbeldis og hefur margar birtingarmyndir. Einelti þróast gjarnan í aðstæðum þar sem skortur er á umburðarlyndi fyrir margbreytileikanum, skortur á góðum skólabrag eða starfsanda og þar sem mjög stífar reglur eru um hvað má og hvað ekki. Börn eru í aðstæðum sem þau hafa ekkert val um að vera í, s.s. skóla eða bekkjardeild og mikilvægt er að þeir sem fullorðnir eru tryggi að í þeim aðstæðum sé góður skólabragur, samkennd og börnin njóti virðingar fyrir eigin verðleika og fái að vera þau sjálf. Þau verði ekki fyrir aðkasti vegna útlits, klæðnaðar eða annars sem einkennir þau. Einelti er því samfélagsmein en ekki einstaklingsbundinn vandi. Mikilvægt er jafnframt að gera sér grein fyrir muninum á góðlátlegu gríni, þar sem allir skemmta sér og stríðni, þar sem einhver er að skemmta sér á kostnað annars, sem yfirleitt líður illa vegna stríðninnar.

Fái einelti að vera óáreitt getur það haft mikil áhrif á þann sem fyrir verður til langs tíma. Mikilvægt er að koma í veg fyrir það og leita allra leiða til að aðstoða þann sem hefur lent í einelti.

Hugmyndir að verkefnum:

- Börnin skoði vefinn http://www.barnasattmali.is, verkefni fyrir yngri börn. Þau sem eru orðin 9 ára geta unnið verkefni fyrir eldri börn. Þar má finna verkefni um rétt barna til verndar gegn ofbeldi.
- Farið í ýmsa leiki, sem stuðla að þátttöku allra, samkennd og vináttu. Þar má nefna að nudda hvert annað, finna styrkleika hvers annars og segja eitthvað fallegt um aðra.

Að auki fyrir eldri börn:

- Börnin skoði 19. og 34. grein Barnasáttmálans og skrifi um þær. Á hvern hátt er einelti ofbeldi?
- Börnin skoði vefinn http://www.verndumborn.is/, kaflann um einelti, ræði það og vinni með á annan hátt.
- Börnin kanni hvort sé eineltisáætlun í skólanum eða hvað er gert til að koma í veg fyrir einelti eða uppræta það.
- Börnin setji upp hlutverkaleik og setji sig í spor barna sem eru einangruð, eiga ekki vini eða verða fyrir stríðni eða einelti.
- Börnin geri áætlanir um hvernig er hægt að bæta skólabrag eða bekkjaranda, þannig að einelti fái ekki að þrífast, s.s. um viðburði og samverustundir, samskiptareglur ofl.
- Börnin lesi viðtalið við Selmu í blaði Barnaheilla - Save the Children á Íslandi http://www.barnaheill.is/media/PDF/Blad_barnaheilla_2015_endanlegt.pdf. Þau skrifi um það eða túlka á annan hátt. Hvernig hefði verið hægt að koma í veg fyrir eineltið? Hvernig hefur Selma unnið úr því. Hvað hefði hún viljað hafa á annan hátt þegar hún var yngri?
- Börnin skoði fleiri vefsíður þar sem eru upplýsingar og fræðsla um einelti, s.s. vefsíðu umboðsmanns barna https://barn.is/

HEIMILISOFBELDI



"Mér finnst ekki gott að vera heima hjá mér þegar fullorðnir eru að öskra og slást ." (9 ára strákur)

Hugmyndir að umræðum:

- Hvernig heldur þú að drengnum á myndinni líði?

- Drengurinn vill að allt vont fjúki burt. Hvað ætli hann eigi við?
- Líður honum vel heima hjá sér?
- Hvernig á manni að líða heima hjá sér?
- Er mikilvægt að hann segi einhverjum frá því hvernig honum líður? Af hverju?
- Hvernig líður börnum ef þau sjá foreldra sína eða aðra í fjölskyldunni rífast og slást?
- Sést alltaf utan á fólki ef því líður illa?
- Hvernig getið þið hjálpað ef þið sjáið að einhverjum líður illa?
- Við hvern getið þið talað ef ykkur líður illa? Hverjum treystið þið.

Að auki fyrir 10 ára og eldri:

- Hverjar geta verið birtingarmyndir vanlíðanar hjá fólki?
- Stundum er sagt að heimili eigi að vera griðastaður fólks. Er heimilið slíkur staður fyrir þennan dreng?
- Er eðlilegt að fullorðið fólk öskri og sláist?
- Teljið þið að drengurinn búi við heimilisofbeldi?
- Ef ykkur grunar að einhver búi við ofbeldi á heimili, hvað getið þið gert?
- Hvert getur sá sem býr við ofbeldi leitað?

Hér er mikilvægt að hlusta á mismunandi svör barnanna. Fjöldi barna býr við þær aðstæður að annað foreldrið beitir hitt einhvers konar ofbeldi, s.s. andlegu eða líkamlegu. Að búa við slíkt er í raun ofbeldi gegn barninu sjálfu, því það upplifir mikla vanlíðan og óöryggi. Sum börn taka á sig mikla ábyrgð vegna þessa.

Hugmyndir að verkefnum:

- Börnin skoði vefinn http://www.barnasattmali.is, verkefni fyrir yngri börn. Þau sem eru orðin 9 ára geta unnið verkefni fyrir eldri börn. Þar má finna verkefni um rétt barna til verndar gegn ofbeldi.

Að auki fyrir eldri börn:

- Börnin skoði 19. og 34. grein Barnasáttmálans og skrifi um þær.
- Börnin skoði vefinn http://www.barnasattmali.is, verkefni fyrir eldri börn. Þar má finna verkefni um rétt barna til verndar gegn ofbeldi. Þar eru sérstök dæmi um heimilisofbeldi.
- Börnin skoði vefinn http://www.verndumborn.is/ kaflann um heimilisofbeldi, ræði eða vinni með á annan hátt.

Í Barnasáttmálanum segir líka:

að það megi ekki mismuna börnum: Öll börn skulu njóta réttinda Barnasáttmálans án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmálaskoðana, ætternis, fötlunar, félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna þeirra eða stöðu eða athafna foreldra þeirra.

að það eigi alltaf að hugsa um hvað sé best fyrir barnið þegar verið er að ákveða eitthvað: Allar ákvarðanir eða ráðstafanir yfirvalda er varða börn skulu byggðar á því sem er börnum fyrir bestu. Setja á lög og reglur sem tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.

að hvert barn eigi rétt á að lifa og þroskast: Sérhvert barn á meðfæddan rétt til lífs og skulu aðildarríkin tryggja að það megi lifa og þroskast.

Það þýðir að öll börn eiga rétt á að lifa og þroskast við bestu mögulegu aðstæður. Allir eiga að hjálpast að við að skapa slíkar aðstæður.

Þarft þú að fá hjálp:

Þú getur hringt í s: 1717 og talað við vingjarnlegt fólk hjá Hjálparlínu Rauða krossins.

Þú getur hringt í 112 í neyðarlínuna

Þú getur hringt til Barnaheilla í s: 5535900 til að fá ráðgjöf